

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (HöskD).

Varatillögur (sbr. frávisunartillögu í frhnál. á þskj. 601):

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Vaxtagreiðslur miðast við 23. október 2009.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Í stað greinarinnar komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
 - a. (2. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
 - a. Í stað „4%“ og „2%“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: 3,85%, og: 1,94%.
 - b. 5. mgr. orðast svo:
Verði greiðslubyrði lánasamninganna meiri en nemur hámarki skv. 3. mgr. og þar með eftirstöðvar í lok lánatímabilsins árið 2024 fellur ríkisábyrgðin á eftirstöðvunum niður.
 - b. (3. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
 - a. 2. og 3. másl. 1. mgr. orðast svo: Fáist síðar úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, þá ber Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ekki að greiða hærri fjárhæð en til var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins. Sami fyrirvari á við ef betri réttur skapast á sviði Evrópulöggjafar, hún skýrist eða ef lagaleg skylda til að ábyrgjast innstæður minnkar eða á annan hátt liggur fyrir að ríkisábyrgð sé ekki til staðar, einnig ef í ljós kemur að skaði hafi hlotist af aðgerðum breskra og hollenskra stjórnvalda fyrir þrotabú Landsbanka Íslands hf.
 - b. Í stað 2. og 3. másl. 2. mgr. kemur einn nýr málslíður, svohljóðandi: Ábyrgðin er bundin við að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta láti á það reyna fyrir slita- eða skiptastjórn þrotabús Landsbanka Íslands hf. hvort kröfur hans gangi við úthlutun frammar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu og hagi kröfulýsingu sinni þannig að reynt geti á þennan rétt, með málskotsrétti til héraðsdóms og Hæstaréttar.
 - c. 3. mgr. fellur brott.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Ríkisábyrgðin grundvallast á því að fjárhagsleg byrði vegna hennar verði innan viðráðanlegra marka. Til að fyrirbyggja greiðslufall ríkissjóðs fellur ríkisábyrgðin niður ef:

- a. hlutfall erlendra skulda þjóðarbúsins af vergri landsframleiðslu fer yfir 240%,
- b. hlutfall erlendra skulda opinberra aðila af skatttekjum fer yfir 250%,
- c. hlutfall erlendra afborgana og vaxta af útflutningstekjum fer yfir 150%.